



OKKAR FRAMTÍÐ

- fyrir „efin“ í lífi barnanna og fjárhag fullorðinsáranna

TRYGGING OG SPARNAÐUR


Öll dreymir okkur um bjarta framtíð barnanna. Öll erum við tilbúin til að fórna miklu fyrir velgengni þeirra og hamingju. Þau eru það dýrmætasta sem við eigum og við leggjum okkur fram við að tryggja velferð þeirra svo þau fái notið lífs og leiks áhyggjulaus, við góða heilsu og traustan efnahag. Við fáum hins vegar ekki ráðið við óvænta viðkomustaði á lífsleiðinni. Við ráðum ekki við áföll á borð við slys eða veikindi og hugsanlegar ævarandi afleiðingar þeirra.

OKKAR Framtíð er trygging fyrir fjárhagslega framtíð og sjálfstæði barna og ungmenna hljóti þau varanlega örorku í kjölfar slysa eða veikinda. Trygginguna er unnt að taka allt frá 3ja mánaða aldri barnsins og gildir hún til loka 25 ára aldurs. Við hana má flétta **OKKAR** sparnaði í Framtíðarbók sem kemur til útborgunar við 18 ára aldur. Tryggingin er ómetanlegt haldreipi ef vágastir knýja dyra.

Sparnaðurinn er óháður áföllum og útborgun hans einfaldlega viðbótarveganesti út í lífið.

- **OKKAR** Framtíð greiðir skattfrjálsar örorkubætur í formi eingreiðslu um leið og varanlegt örorkumat liggur fyrir. Eingreiðslan ber vexti til 18 ára aldurs og henni má skipta upp í mánaðarlegar greiðslur til 60 ára aldurs.
- Tryggingin greiðir einnig dagpeninga vegna sjúkrahúsdvalar, umönnunarbætur til foreldra og dánarbætur.*
- **OKKAR** sparnaður er verðtryggður með hæstu vexti almennra innlánsreikninga.

* Sjá nánar í skilmálum **OKKAR** líftrygginga nr. BA 1049.




BILIÐ BRÚAÐ - DÝRMÆT FYRIRHYGGJA

Börn eða ungmenni sem dæmast til örorku án þess að hafa í farteskinu langa reynslu og launahefð á vinnumarkaði njóta einungis lágmarksbóta frá almannatryggingakerfinu það sem eftir er ævinnar. Slíkar bætur hrökkva því miður skammt. Að sama skapi er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að réttur til örorkulífeyris frá lífeyrissjóðum tekur almennt ekki gildi fyrr en greitt hefur verið í lífeyrissjóð í 24 mánuði. Börn og ungmenni hafa í fáum tilfellum öðlast slíkan rétt sakir aldurs og takmarkaðs tíma á vinnumarkaði. **OKKAR** Framtíð getur brúað það bil.

Sé ekki hugað að þessu er hætta á að fátækt eða fjárhagslegt ósjálfstæði á fullorðinsárum blasi við í kjölfar áfalla sem leiða til örorku auk þess sem möguleikar foreldra eða fjölskyldunnar til fjárhagslegs stuðnings geta af ýmsum ástæðum verið takmarkaðir. Þess vegna er **OKKAR** Framtíð öryggisnet sem sjálfsagt er að hnýta frá fæðingu til fullorðinsára barna **okkar**.

OKKAR Framtíð er nýjung á íslenskum tryggingamarkaði. Hún veitir foreldrum, öfum og ömmum kærkomið tækifæri til að búa í haginn fyrir „efin“ í lífi barna sinna. Hún stoppar í augljóst gat í almannatryggingakerfinu og leggur grunn að bættum lífskjörum þeirra sem án aðstoðar þyrftu að búa við óviðunandi lágmarksbætur alla ævi.







STUÐNINGUR SEM SKIPT GETUR SKÖPUM

Á Íslandi eru um 4% barna fötluð eða langveik í kjölfar slysa og veikinda. Þessir einstaklingar gætu þurft að lifa við lágmarksbætur frá Tryggingastofnun ríkisins frá 18 ára aldri sem nema vegna 100% örorku tæpum 140 þúsundum króna á mánuði (nóv. 2009). Fyrir það fé er ungu fólki ætlað að koma sér þaki yfir höfuðið og lifa sjálfstæðu lífi það sem eftir er ævinnar. Það gefur því auga leið að fjárhagsleg staða þeirra sem ekki geta fullnýtt tækifæri sín til menntunar eða þátttöku á vinnumarkaði er afar bág. Möguleikar til að standa á eigin fótum í fjárhagslegu tilliti eru í raun engir.

Við áfall sem leiðir til örorku blasir ávallt við nýr raunveruleiki. Eigi barn eða ungmenni í hlut stendur fjölskyldan öll frammi fyrir nýjum verkefnum og álagi. Fjármál heimilisins eru þar engin undantekning. **OKKAR** Framtíð tekur tillit til þeirra aðstæðna og hleypur undir bagga með foreldrum, forsjáraðilum eða váttryggðum.



Fjögur bótasvið OKKAR Framtíðar

- Örorkubætur: Mikilvægasti bótabátturinn er réttur til skattfrjálsra örorkubóta ef sjúkdómur eða slys hefur haft í för með sér varanlega skerðingu á líkamlegri getu váttryggðs. Þrír valkostir eru í boði:

Mánaðarlegt iðgjald kr.	Váttryggingarfjárhæð kr.	Hámarksbætur kr.
500	4.000.000	12.000.000
1.000	8.000.000	24.000.000
1.500	12.000.000	36.000.000

- Dagpeningar vegna sjúkrahúsdvalar: Tryggingunni er ætlað að aðstoða fjölskyldur þegar barn þarf að dvelja á sjúkrahúsi til lengri eða skemmri tíma. Tryggingin greiðir að hámarki 4.800 krónur á dag í allt að eitt ár eða 1.752.000 krónur yfir árið.
- Umönnunarbætur til foreldra: Tryggingin greiðir bætur til foreldra eða forsjáraðila vegna sjúkdóms eða slyss barnsins. Umönnunarbætur geta numið 10% af váttryggingarfjárhæð í allt að tíu ár og geta því numið að hámarki tólf milljónum króna alls sem jafngildir 100 þúsund krónum á mánuði.
- Dánarbætur: Tryggingin greiðir bætur ef hinn tryggði andast á gildistíma tryggingarinnar. Váttryggingarfjárhæð er 600 þúsund krónur.

SNJALLT SAMSTARF TRYGGINGA OG SPARNAÐAR

Hið efnahagslega öldurót sem á undan er gengið í þjóðfélagi **okkar** gefur okkur öllum tilefni til að staldra við og huga að þeim mikilvæga þætti sem fjárhagsleg framtíð barna **okkar** er. Samhliða tryggingunni **OKKAR** Framtíð er sjálfsagt að skoða tækifæri til þess að búa enn frekar í haginn fyrir fullorðinsárin með reglubundnum sparnaði á nafni barnanna. Þannig má leggja þeim til aukið veganesti eða hvetja þau til að taka við keflinu og halda sparnaði áfram þegar tækifærin skapast. Mánaðarlegt framlag þarf ekki að vera há upphæð til að skila sér í auknum möguleikum til að standa á eigin fótum og láta drauma sína rætast.

Með **OKKAR** sparnaði hvetjum við foreldra og unglunga til að leggja til hliðar ákveðna upphæð í hverjum mánuði inn á Framtíðarbók. Í henni sannast hið fornkveðna að „margt smátt gerir eitt stórt“. **OKKAR** Framtíðarbók er verðtryggð og laus til útborgunar við átján ára aldur.

- Verðtryggður reikningur.
- Hæstu vextir almennra innlánsreikninga.
- Laus til úttektar við 18 ára aldur.
- Mánaðarleg innborgun á Framtíðarbók er að lágmarki 1.000 kr.
- Trygginguna **OKKAR** Framtíð má kaupa með eða án sparnaðar.




TRAUSTAR UNDIRSTÖÐUR

Persónutryggingar snúast fyrst og fremst um fjárhagslegt öryggi til langrar framtíðar. Þær eru ein af mikilvægustu undirstöðunum í lífi fólks og fjárhagslegur styrkur er grundvallaratriði í starfsemi þeirra sem veita slíkar tryggingar. Undirstöður **OKKAR** líftrygginga hf. eru því einnig hluti af fjárhagslegum undirstöðum þeirra tugþúsunda viðskiptavina sem félagið hefur þjónað á sviði trygginga og sparnaðar í meira en fjörutíu ár. Fyrir traust þessa stóra hóps erum við bæði þakklát og stolt.

OKKAR er elsta líftryggingarfélagið á Íslandi og rekur sögu sína aftur til ársins 1966 þegar Alþjóða líftryggingarfélagið hf. var stofnað. Allar götur síðan hefur félaginu stöðugt vaxið ásmegin og það hefur varðveitt forystuhlutverk á sviði líf-, ororku- og sjúkdómatrygginga.

Starfsemi **OKKAR** stendur traustum fjárhagslegum fótum. Á því hefur engin breyting orðið þrátt fyrir breyttar aðstæður í íslensku efnahagslífi. Eignir félagsins hafa um margra ára skeið nær eingöngu verið bundnar í ríkisskuldabréfum og á innlánsreikningum bankanna. Öruggeri ráðstöfun þeirra fjármuna sem okkur er treyst fyrir er í raun óhugsandi. Þannig stöndum við traustan vörð um öryggi **OKKAR** viðskiptavina.





Er þitt barn okkar barn?

okkar 